

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. Velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umsögn Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði,  
um mál 165, lagt fram á 148. löggjafarþingi – Stytting vinnutíma

Reykjavík, 21. mars 2018

Stjórn Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði, fagnar frumvarpi um styttingu vinnuvikunnar í 35 stundir. Hér er um að ræða mikið framfaramál fyrir íslenskt samfélag, en á Íslandi er löngu kominn tími til að flytja samfélagið til nútímans, með skemmri vinnuviku, og þar af leiðandi betra fjölskyldulífs og betri samræmingu vinnu og einkalífs.


Að neðan eru færð ítarleg rök fyrir því hvers vegna á að stytta vinnuvikuna á Íslandi, og hvers vegna lög um það eru heppileg. Helstu rökin fyrir styttingu vinnuvikunnar eru sem hér segir:

- Á Íslandi er mjög mikið unnið
- Umfang vinnunnar á Íslandi er það mesta innan OECD
- Framleiðni á Íslandi er léleg og myndi trúlega aukast við að stytta vinnuvikuna
- Afleiðing af tækni- og sjálfvirknivæðingu ætti að vera skemmri vinnuvika
- Skemmri vinnuvika myndi auka lífsgæði á Íslandi og er ekki vanþörf á
- Stytting vinnuvikunnar myndi gera fólki frekar kleift að taka þátt í lýðræðinu
- Vilji er til að stytta vinnuvikuna
- Tilraunir með styttingu vinnuvikunnar á Íslandi hafa gefist vel

## Á Íslandi er mjög mikið unnið

Á Íslandi er mjög mikið unnið. Á myndinni til hliðar má sjá hvernig vinnustundir á Íslandi á hvern vinnandi mann, að meðaltali, hafa þróast frá um 1960 til nútímans, en einnig má sjá hvernig vinnustundir í nokkrum öðrum löndum Evrópu hafa þróast á sama tíma til samanburðar. Á Íslandi hefur vinnustundum lítið fækkað frá 1980, en í hinum ríkjunum hefur þeim fækkað á tímabilinu.

Jafnvel þótt vinnustundum hafi fækkað á undanförunum 37 árum á Íslandi (frá um 1980), þá myndi það taka um 56 ár fyrir íslenskt samfélag að ná sama fjölda vinnustunda og tíðkaðist í Svíþjóð árið 2015, að því gefnu að vinnustundum á Íslandi haldi áfram að fækka jafn hratt og hefur verið á þessu tímabili. Þetta er vegna þess að á Íslandi hefur vinnustundum fækkað mjög hægt.



Mynd 1: Vinnustundir á hvern vinnandi mann eru og hafa verið fleiri á Íslandi, miðað við ýmis önnur lönd Evrópu. Gögnin sem liggja myndinni til grundvallar eru úr Total Economy Database (nóvember, 2016).

## Umfang vinnunnar er mjög mikið

Tölur um meðalfjölda unninna vinnustunda segja ekki þó alla söguna. Á Íslandi er atvinnuþátttaka mjög mikil, raunar sú mesta innan OECD, en um 89% af öllum þeim sem eru á aldrinum 15 til 64 ára eru á vinnumarkaði, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi.<sup>1</sup> Mikil atvinnuþátttaka er þó í sjálfu sér ekki slæm, því hún leiðir til þess að vinnunni sem þó þarf að vinna er deilt á margar hendur. Vandinn er hins vegar hve vinnustundirnar eru margar, *sérstaklega* með hliðsjón af því hvað atvinnuþátttakan er mikil í landinu, en líka í ljósi þess að 74% þeirra sem eru á vinnumarkaði vinna fullt starf<sup>2</sup>.

Til að átta sig betur á því hvað vinnan er fyrirferðarmikil í íslensku samfélagi er gott að skoða *umfang vinnunnar*. Umfangið er vísitala, sem er reiknuð með því að atvinnuþátttaka er margfölduð með meðalfjölda vinnustunda á hvern vinnandi mann í viðkomandi samfélagi og loks deilt með 100.<sup>3</sup> Sé þetta gert fyrir nærri öll Evrópulönd, auk Bandaríkjanna, þá kemur í ljós að umfangið er hvergi meira en á Íslandi. Niðurstöðuna má sjá í töflunni til hliðar.<sup>4</sup> Stytting vinnuvikunnar myndi gagnast til að minnka umfangið á Íslandi.


## Umfang vinnunnar 2015

Land	Umfang vinnunnar
Ísland	1653
Lettland	1445
Eistland	1419
Grikkland	1378
Litháen	1378
Portúgal	1372
Pólland	1337
Sviss	1324
Svíþjóð	1316
Tékkland	1299
Bretland	1299
Bandaríkin	1297
Spánn	1284
Írland	1276
Finnland	1150
Slóvakía	1244
Austurríki	1214
Slóvenía	1212
Ungverjaland	1198
Holland	1132
Noregur	1116
Danmörk	1108
Ítalía	1103
Lúxemborg	1074
Þýskaland	1062
Frakkland	1060
Belgía	1048

1 OECD (2017a).

2 Hagstofa Íslands (1. febrúar 2018).

## Framleiðni er léleg á Íslandi



Mynd 2: Myndin sýnir samhengi vinnustunda og framleiðni á meðal nokkurra landa Evrópu, árin 2005 og 2015. Sjá má hvernig vinnustundir og framleiðni haldast í hendur: Eftir því sem framleiðni er meiri, því minna vinnur fólk alla jafna. Myndin sýnir jafnframt hvernig framleiðni á Íslandi er lakari en í samanburðarlöndunum, sem stemmir vel við að á Íslandi er mikið unnið. Gögnin að baki myndinni liggja koma frá OECD (2017a, 2017b).

átt er við, heldur það að á Íslandi séu aðstæður til að auka framleiðni sem megi nýta með því að stytta vinnudaginn. Þessar aðstæður eru meðal annars lélegt vinnufyrirkomulag, þreytt starfsfólk og svo framvegis.

Að fólk sé þreytt vegna vinnu er ekki gripið úr lausu lofti, því eins og fjallað er um síðar í þessari umsögn gengur fólk á Íslandi illa að samræma vinnu og einkalíf. Í alþjóðlegri rannsókn sem var gerð 2005, kom aukinheldur í ljós að á Íslandi var fólk oft mjög þreytt, svo þreytt að því gekk illa að sinna heimilissstörfunum – hvergi var kvartað meira undan þessu en á Íslandi. Í sömu rannsókn var Ísland í þriðja neðsta sæti þegar kom að því hvernig fólk gekk að klára verkefni í vinnunni.<sup>5</sup> Jafnvel þótt rannsóknin sé nú orðin nokkuð gömul, þá er engin ástæða til að mikið hafi breyst hvað varðar þreytuna, því fólk á Íslandi vinnur enn mjög mikið og lítið hefur breyst frá 2005.

En aukin framleiðni á ekki eingöngu að þýða skemmri vinnudag til skamms tíma, heldur ætti aukin framleiðni að leiða til skemmri vinnudags almennt, sökum þess hve mikið lífsgæði aukast við skemmri vinnudag. Sjálfvirknivæðing, vélvæðing og aukin framleiðni, allt á þetta að skila sér beint í minni vinnu, og því að þeirri vinnu sem þó þarf að vinna, sé dreift á fleiri hendur. Stytting vinnudagsins er fyrir löngu tímabær aðgerð í þessu samhengi.

3  $(umfang = [ atvinnuþátttaka \times meðalfjöldi vinnustunda á hvern vinnandi mann ] / 100 )$

4 Tölurnar í töflunni eru fengnar með því að reikna með aðferðinni sem er lýst í meginmálinu. Gögnin sem liggja til grundvallar eru annars vegar gögn frá OECD um atvinnuþátttöku og svo hins vegar gögn um fjölda unninna vinnustunda. – Sjá OECD (2017a, 2017b).


5 Kolbeinn H. Stefánsson (2008).

## Arðurinn af tæknivæðingu ætti að vera skemmri vinnudagur

Arðurinn af tækni- og sjálfvirknivæðingu ætti að vera skemmri vinnudagur eftir því sem margir meginstraumshagfræðingar segja, en jafnframt meiri lífsgæði. Ástæðan er sú að með aukinni tæknivæðingu eykst framleiðni og með aukinni framleiðni má búa til meiri verðmæti á skemmri tíma, en auk þess má nýta hina auknu framleiðni til að eiga meiri frítíma.<sup>6</sup> Á Íslandi hefur raunin þó verið flóknari og önnur á undanförunum áratugum.

Á Íslandi var raunin sú frá um kringum 1960 til um 1980, að vinnustundum fækkaði ár frá ári og framleiðni jókst samhlíða. Frá og um 1980 hefur raunin þó verið sú að vinnutími fólks á Íslandi hefur lítið styst, og ekki er lengur tenging á milli aukinnar framleiðni og skemmri vinnudags, en þetta má sjá á myndinni til hliðar.

Með því að samþykka frumvarp um skemmri vinnuviku er mjög líklegt að vinnufyrirkomulag og verkferlar í fyrirtækjum yrðu endurskipulagðir – enda væri þá kominn hvati frá löggjafarvaldinu til þess. Auk þess, þá myndi löngun starfsfólks til að geta notið skemmri vinnudags, án hættu á launaskerðingum, vera öflugur hvati til að taka fullan þátt í slíku endurskipulagi. Með samþykkinu yrði þannig aukin framleiðni nýtt til að fólk geti unnið skemur, notið meiri frístunda og verið meira með fjölskyldunni.



Mynd 3: Myndin sýnir tengsl framleiðni og vinnustunda á Íslandi frá um 1960 til nútímans. Gögnin sem liggja myndinni til grundvallar eru úr Total Economy Database (nóvember, 2016).

## Löng vinnuvika skerðir lífsgæði vinnandi fólks og barna

Síðan 2011 hefur OECD, Efnahags- og framfarastofnunin, staðið að lífsgæðarannsókn, *OECD Better Life Index*, en hún byggir á því skoða hvernig fólki í aðildarríkjum hennar líður og hvernig aðstæður þeirra eru að ýmsu leyti.<sup>7</sup> Eitt af því sem stofnunin horfir sérstaklega til er samræming vinnu og heimilislífs; samtals eru það 38 lönd sem taka þátt í lífsgæðarannsókninni og Ísland er eitt þeirra. Ísland var í 31. sæti af 38. mögulegum þegar kom að samræmingu vinnu og heimilislífs; neðar en öll hin Norðurlöndin, Bretland og Bandaríkin. Ástæðan fyrir því að Ísland kom illa út var að á Íslandi þarf fólk að jafnaði að vinna langan vinnudag.

Í sömu rannsókn skrapaði Ísland botninn þegar kom að þeim tíma sem fólk hafði til að hugsa um sjálft sig og sinna áhugamálum sínum; aðeins Ísrael, Lettland, Mexíkó og Tyrkland komu verr út, á meðan Frakkland, Spánn, Holland, Danmörk, Belgía og Noregur voru á meðal þeirra sem komu

6 Hér má t.d. vitna til Samuelson og Nordhaus 1985 (bls. 562): „Higher productivity gives us more output and chance for more leisure. Technological improvements, better capital goods, and more highly trained labor have raised production faster than the growth of population.“

7 *OECD Better Life Index*, má finna á [www.oecdbetterlifeindex.org](http://www.oecdbetterlifeindex.org) (síðast skoðað 27. nóvember 2017).

best út. Hér skiptir lengd vinnudagsins verulegu máli, vegna þess að hann setur fólki þröngar skorður um hversu mikinn tíma það hefur til að hugsa um sjálft sig.

Rétt er að geta þess að samræming vinnu og heimilislífs hefur áður verið skoðuð; Ísland kom þá einnig mjög illa út, en sú rannsókn var gerð 2005.<sup>8</sup>

Löng vinnuvika hefur vitanlega ekki bara áhrif á vinnandi fólk, því hún hefur líka áhrif á börnin í landinu, vegna þess að það er venjulega vinnandi fólk sem hugsar um og styður við ung börn. Í þessu samhengi er brýnt að hugsa um að á Íslandi er námsárangur í grunnskólum meðal annars talinn vera slakur<sup>9</sup> og rætt hefur verið um að börn á Íslandi dvelji of lengi á leikskólum, en Ísland á met innan OECD í dvalartíma leikskólabarna í leikskólum.<sup>10</sup> Stytting vinnuvikunnar myndi nær örugglega hafa jákvæð áhrif á samveru foreldra með börnunum sínum, og gera þeim kleift að aðstoða börnin meira í námi.

Í þessu samhengi er rétt að benda á hvað gerðist í Frakklandi þegar innleidd voru lög um skemmri vinnuviku þar í landi. Árin 1998 og 2001 voru innleidd tvö lög í Frakklandi um skemmri vinnuviku; lögin kváðu á um að vinnuvikan skyldi almennt vera 35 stundir, en fyrri lögin settu ýmis skilyrði, sem horfið var frá í seinni lögunum. Þessi lög þóttu mjög umdeild, og börðust hagsmunasamtök atvinnurekenda mjög hart gegn þeim með ýmsum rökum, sem mörg hver hafa verið hrakin með rannsóknum á því hvað raunverulega átti sér stað í hagkerfi landsins.<sup>11</sup> Eitt af því sem rannsóknirnar sýndu var að lögin höfðu mjög jákvæð áhrif á fólk sem átti börn undir 12 ára aldri: Foreldrar barna á þeim aldri sögðust geta eytt meiri tíma með börnunum eftir að lögin voru innleidd, miðað við áður en þau voru innleidd, og um 30% foreldra sögðust geta varið meiri tíma með börnunum til að aðstoða þau við nám. Aukinheldur voru um 30% vinnandi fólks sem töldu að meira jafnvægi hefði náðst í milli vinnu og einkalífs eftir að lögin voru innleidd.<sup>12</sup>

Stytting vinnuvikunnar myndi vafalítið gera gæfumuninn hér til að auka lífsgæði fólks Íslandi og bæta stöðu landsins innan hins alþjóðlega samfélags.

### *Stytting vinnuvikunnar myndi styrkja lýðræðið á Íslandi*

Stytting vinnuvikunnar myndi án efa styrkja lýðræðið á Íslandi. Á Íslandi eiga margir erfitt með að sinna fjölskyldum sínum og börnum, vegna mikillar vinnu sem fyrr segir, en slík störf hafa auðvitað forgang í lífi fólks umfram stjórnmalastarf. Með skemmri vinnuviku væri fólki gert auðveldara fyrir með að taka þátt í stjórnmalalífi landsins, taka þátt í sjálfu lýðræðinu, og það hefði þannig meiri völd yfir því hvernig lífi þess er háttað.

### *Vilji er til að stytta vinnudaginn á Íslandi*

Mikill vilji er innan íslensks samfélags að stytta vinnuvikuna. Ýmis stéttarfélag hafa lýst yfir áhuga til skemmri vinnuviku undanfarin misseri, þar á meðal BSRB<sup>13</sup>, VR<sup>14</sup> og BHM<sup>15</sup> sem hafa lýst því yfir að stytting vinnuvikunnar sé þeirra baráttumál. Þá hefur félags- og jafnréttismálaráðherra lýst því yfir að tilefni sé til að skoða styttri vinnuviku af fullri alvöru.<sup>16</sup>

8 Kolbeinn H. Stefánsson (2008).

9 Menntamálastofnun (6. desember 2016).

10 Morgunblaðið (28. febrúar 2018).

11 Méda (2013).

12 Méda (2013).

13 BSRB (n.d.).

14 RÚV (8. febrúar 2018).

15 RÚV (31. ágúst, 2017) og Bandalag háskólamanna (1. nóvember 2017).

16 Ásmundur Einar Daðason (15. febrúar, 2018).

Þá benda rannsóknir til að vinnandi fólk á Íslandi vilji vinna minna. Í rannsókn sem var gerð 2005, kom ljós að mjög margir vildu vinna minna (42%), en gátu það ekki af hverjum ástæðum; trúlega fjárhagslegum og/eða vegna ósveigjanlegra vinnustaða. Einnig voru fjölmargir sem vildu eyða meiri tíma með vinum og fjölskyldu en þeir gerðu.<sup>17</sup>

### *Tilraunir Reykjavíkurborgar hafa gefist vel*

Frá árinu 2015 hefur Reykjavíkurborg staðið að tilraun með styttingu vinnuvikunnar í samstarfi við BSRB. Tilraunin hefur gefist mjög vel og má ætla að til hennar megi líta hvað samfélagið í heild sinni varðar.

Frá árinu 2015 til 2016 var tilraunin í gangi á tveimur vinnustöðum borgarinnar<sup>18</sup>: Um var að ræða þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, annars vegar, og hins vegar Barnavernd Reykjavíkur, en svo var önnur þjónustumiðstöð höfð til viðmiðunar, þar sem engu var breytt. Í stuttu máli var vinnudagurinn stytur um klukkustund hjá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, en hjá Barnaverndinni var vinnu hætt um hádegi á föstudögum; þetta var gert án þess að að verkefnastaða biði hnekki, án þess að kostnaður ryki upp, án þess að starfsfólkinu liði verr, og án þess að notendur þjónustunnar yrðu ósáttir. Laun starfsfólksins héldust óskert, þrátt fyrir að vinnustundum fækkaði. Varðandi verkefnastöðuna varð í sumum tilfellum lítilsháttar aukning á fyrirliggjandi verkefnum, sem rakið var til námskeiðahalds og þess að reynt var að vinna ítarlegar úr málum, en engin stórkostleg breyting varð á þeim verkefnum sem almennt þurfti að sinna. Kostnaðaraukning hjá Barnaverndinni, á tímabilinu, var um 72 þúsund krónur á mánuði að meðaltali, vegna aukinna bakvakta, en kostnaðaraukning varð ekki hjá þjónustumiðstöðinni. Hjá þjónustumiðstöðinni þar sem engu var breytt, urðu þessar breytingar ekki, sem bendir til þess að skemmri vinnudagur hafi framkallað þær.

Lykillinn að þessum breytingum var að endurbæta verkskipulag, fækka fundum og stytta, en auk þess að fólk sinnti einkaerindum utan vinnutíma; með þessu móti tókst að stytta vinnudaginn, án þess að starfsemin biði skaða af, og án mikils kostnaðarauka. Það sem gerdist einnig í kjölfarið af þessu, var að líðan starfsfólksins batnaði: minna var um að fólk kvartaði undan ýmsum einkennum andlegs álags, svo sem um að vinnan truflaði frítímamann í formi áhyggja eða þreytu, og var sem líðanin batnaði eftir því sem leið á tímabilið. Svipaða sögu má segja um líkamleg einkenni, þar sem var horft til verkja í öxlum, baki og höfði og auk ýmissa annarra þátta.

Árangurinn af tilrauninni var í stuttu máli mjög góður og nýttist tilraunin starfsfólkinu mjög vel. Það sem er líka mikilvægt er að það tókst að auka framleiðnina hjá starfsfólkinu á þessum vinnustöðum, enda tókst að sinna öllum sömu verkefnum á skemmri tíma – framleiðniaukningin var þó öllum til hagsbóta, því starfsfólki leið betur og notendur þjónustunnar fundu lítið fyrir hinum skemmri vinnudag starfsfólksins.

Hér skal bent á þessum vinnustöðum kom allt kom saman, samtímis: Laun voru óskert, breytt vinnufyrirkomulag, og skemmri vinnuvika. Óbreytt laun, eins og fyrirhugað er með frumvarpi því sem hér er til umræðu, er mikilvægur hvati til að allir geri sitt besta til að breyta vinnufyrirkomulagi vinnustaðar síns, hvort sem eru starfsmenn, eigendur eða aðrir, enda er ávinningurinn skemmri vinnuvika og meiri frítími. Afraksturinn af þessum breytingum á vinnustöðunum sem nefndir voru áður varð aukin framleiðni, eins og reiknað er með að lagabreytingin sem hér um ræðir gæti gert að verkum.

<sup>17</sup> Kolbeinn H. Stefánsson (2008).

<sup>18</sup> Tilraunin hefur síðan þá verið útvíkkuð til mun fleiri vinnustaða. Varðandi tilraunirnar sem fjallað er í meginmálinu, sjá Reykjavíkurborg (2015).

Þessir vinnustaðir eru vitanlega ekki algerlega dæmigerðir fyrir íslenskt samfélag, enda fjölbreytt þrátt fyrir smæð og ómögulegt að gera vinnustaðatilraunir fyrir allar tegundir fyrirtækja í landinu. Staðreyndin er hins vegar sú að um 77% vinnandi fólks á Íslandi vinnur við þjónustu af ýmsu tagi,<sup>19</sup> og tilraun sem þessi gefur vísbendingu um það sem koma skal hvað varðar þjónustufyrirtækin í landinu almennt, ef vinnuvikan yrði stytta. Full ástæða er af þessu að ætla að það gæti gengið vel.

### *Gagnrýni á frumvarpið svarað*

Í nokkrum umsögnum um frumvarpið hefur borið á gagnrýni á frumvarpið sem ekki stenst nánari skoðun. Hér verður farið yfir helstu atriði þessarar gagnrýni og henni svarað.

#### *Aðgerðarleysi er betra en aðgerðir*

Gagnrýnendur frumvarpsins ræða um að löggjafinn eigi ekki að skipta sér af vinnustundafjölda, því vinnustundir eigi að vera samningsatriði á vinnumarkaði. Það hafi reynst betur að semja um slíka hluti en að löggjafinn „miðstýri“ þeim<sup>20</sup>. Staðreyndirnar tala hins vegar öðru máli: Þrátt fyrir að framleiðni hafi mjög aukist frá um 1980, hefur vinnustundum ekki fækkað að ráði, eins og er farið yfir að ofan – þetta er raunin, jafnvel þótt vinnustundir séu margar og áhrifin á fjölskyldulífið slæm. Ekkert bendir til þess að aðgerðarleysi í þessum málaflokki muni gagnast almenningi og fjölskyldunum í landinu, enda eru það aðgerðir sem breyta hlutunum en ekki aðgerðarleysi.

Í ofanálag, þá hefur löggjafinn afskipti af mörgum hliðum mannlegs lífs, svo sem með því að setja reglur um vinnuvernd og með því að leggja skyldur á atvinnurekendur um lágmarkshvöld. Ekki að sjá að þessar reglur skaði samfélagið, heldur þvert á móti, efli það í forni heilbrigðara fólks sem er betur hvílt, lifir lengur og er hraustara. Það sama gildir um lög um vinnustundir.

#### *Framleiðni mun ekki aukast*

Viðskiptaráð Íslands og Samtök Atvinnulífsins hafa hvort um sig gagnrýnt frumvarpið á þeim forsendum að stytting vinnuvikunnar muni ekki auka framleiðni.<sup>21</sup> Í þessu samhengi er hvergi vísað til rannsókna á því hvort framleiðni aukist eða ekki við að stytta vinnuvikuna, heldur eingöngu fullyrt.

Viðskiptaráð Íslands aukinheldur segir að í greinargerðinni með frumvarpinu sé ruglað saman orsök og afleiðingu: Langir vinnudagar á Íslandi orsakast af lélegri framleiðni, en ekki að langir vinnudagar kalli fram lélega framleiðni. Segir Viðskiptaráð höfundu greinargerðarinnar falla í gryfju hinnar vel þekktu fylgnivillu (*e. correlation does not imply causation*) með málflutningi sínum, en fellur svo sjálft í hana þegar fullyrt er að léleg framleiðni kalli á langa vinnudaga á Íslandi.

Líklegt verður að teljast, í tilfalli Íslands, að bæði skipti máli: Léleg framleiðni vissulega kalli á langa vinnudaga, til að bæta kjörin, en það að vinna lengi langa vinnudaga kalli svo fram þreytu, sem svo aftur hafi áhrif á framleiðnina. Um sé að ræða vítahring, sem megi brjótast út úr með því að vinna minna.

Til að leysa úr ágreiningsefnum eins og þessum er gagnlegt að líta til vinnustaðarannsókna, því þær geta hjálpað til við að sýna fram á *orsakasamhengi*. Vinnustaðarannsóknir hafa sýnt að skemmri vinnuvika *getur* kallað fram aukna framleiðni, *undir þeim kringumstæðum* svo sem þegar

19 Hagstofa Íslands (2015).

20 Viðskiptaráð Íslands (22. febrúar 2016).

21 Sjá: Samtök atvinnulífsins (19. febrúar 2016), Viðskiptaráð Íslands (22. febrúar 2016)

framleiðni er léleg og starfsfólk er þreytt sökum vinnu.<sup>22</sup> Þá bendir tilraun Reykjavíkurborgar til þess að framleiðni geti aukist við styttingu vinnuvikunnar, eins og farið var yfir að framan.

Gagnrýnendur frumvarpsins líta framhjá því að lög um skemmri vinnuviku geta virkað sem *hvati* fyrir fólk til að endurhugsa lélegt vinnufyrirkomulag, í þeim tilgangi að fá í staðinn skemmri vinnuviku og meiri hvíld. Hvatinn er einnig til staðar fyrir fyrirtækin: Sem dæmi, ef kostnaður tiltekens fyrirtækis hækkar af völdum lagasetningarinnar – starfsfólkið, sumt hvert, þarf að vinna yfirvinnu, það sem áður var dagvinna, en yfirvinna er dýrari en dagvinna – þá virkar það sem hvati til að draga úr kostnaði fyrirtækisins, en kjörin leið til þess er að endurskoða vinnuferla og mögulega innleiða nýja tækni.

### *Tölfræði gerð tortryggileg*

Samtök Atvinnulífsins reyna enn fremur að gera tortryggilegar þær tölur sem eru notaðar í greinargerð frumvarpsins. Segja þau að horfa verði til „virks vinnutíma“ en ekki til greiddra vinnustunda og ræða svo næst um að á Íslandi séu „neysluhlé“ greidd, sem eigi að vera ólíkt öðrum löndum. Þetta er regin misskilningur: Tölurnar í greinargerð frumvarpsins koma frá OECD, stofnun sem hefur það að markmiði að safna sem haldbærustum upplýsingum um hagkerfi aðildarríkjanna, og stundar rannsóknir jafnframt, en í þessum tölum er búið að taka tillit til ýmiss konar breytileika milli landa. Eiga gögnin sér svo uppruna í hagstofumælingum aðildarríkja OECD, en ekki kjarasamningum eins og reynt er að gefa í skyn.<sup>23</sup> Í greinargerðinni er því horft til mjög góðra gagna um hversu mikið er unnið í reynd.

### *Lögum um 40 stunda vinnuviku kennt um verðbólgu*

Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað reynt að kenna lögnum frá 1971, um 40 stunda vinnuviku, um að hafa orsakað verðbólguna á áttunda áratugnum. Samkvæmt umsögn samtakanna á hin mikla verðbólga sem þá upphófst að hafa verið orsökun af lögnum, enda eiga laun í landinu þá að hafa hækkað um 10%.<sup>24</sup> Það sem er algerlega litið framhjá hér, er að um 1967-1969 hrundu síldarstofnanir við Ísland,<sup>25</sup> sem kallaði fram mikinn gjaldeyrisskort, enda var útflutningur síldar um 40% af útflutningsverðmætum landsins.<sup>26</sup> Í framhaldinu varð Íslenska krónan verðlítill, innflutningur á vörum og þjónustu varð dýrari fyrir landsmenn – í stuttu máli, hrunið kallaði fram verðbólgu. Þetta er það sem kemur fram í greiningu sem var gerð á vegum Seðlabanka Íslands á þessum verðbólguárum,<sup>27</sup> og þar er hvergi minnst á styttingu vinnuvikunnar, en þó er ýmsu velt upp í greiningunni. Sú skýring sem Samtök atvinnulífsins bjóða upp á er því að öllu leyti fráleit og gengur í berhogg við rannsóknir á efninu.

### *Lög um skemmri vinnuviku eru sjálfsögð*

Í umsögnum Viðskiptaráðs Íslands og Samtaka atvinnulífsins er staðhæft að lög um vinnustundir séu óþörf, þar sem slíkt ætti að semja um í samningum. Ganga Samtök atvinnulífsins svo langt að vilja afnema lögin. Lög um vinnustundir eru að sjálfsögðu nauðsynleg, enda hafa lögin mótandi áhrif á samfélagið, með því að setja heilbrigð viðmið um hvað teljist vera eðlilegt að vinna mikið í hverri viku og á hverjum virkum degi. Afnáam laganna yrði mikil afturför fyrir íslenskt samfélag, enda eiga launþegar vart auðvelt með að semja um fjölda vinnustunda. Samningsstaða launþega er

22 Pencavel (2014) skoðar þessi tengsl ítarlega og fer yfir helstu rannsóknir á efninu sem til eru.

23 Sjá OECD (5. febrúar 2018, 2017b),

24 Samtök atvinnulífsins (19. febrúar 2016).

25 Auðlindanefnd (n.d.), bls. 33. Sjá einnig Seðlabanki Íslands (1971), bls. 5-15.

26 Seðlabanki Íslands (1971), bls. 8.

27 Bjarni G. Einarsson, Kristófer Gunnlaugsson, Þorvaldur Tjörvi Ólafsson og Þórarinn G. Pétursson (2015a, 2015b).



almennt lítil fyrir, og geta til að semja um eitthvað eins og vinnustundir er jafnvel enn minni. Hætt yrði við því að vinnustundum myndi fjölga enn meira ef lögin yrðu afnumin, enda myndi þá viðmiðum um hvað telst vera eðlileg full vinna vera fleygt út.

Benda má á tvö dæmi um hvernig lög um vinnustundir hafa haft jákvætt mótandi áhrif á samfélagið sem við búum í. Í fyrsta lagi eru það lögin frá 1971, um 40 stunda vinnuviku, en frá því þau voru sett, þar til um 1980, fækkaði árlegum unnum vinnustundum á hvern vinnandi mann um 270 að meðaltali.<sup>28</sup> Í öðru lagi eru það Vökulögin frá 1921, sem tryggðu sjómönnum á botnvörpuskipum óslitna 6 tíma hvíld á sólarhring; lögin höfðu mótandi áhrif á líf sjómanna í þá veru að tryggja þeim nauðsynlega hvíld, en fram að því höfðu engin lög tryggt þeim nokkra hvíld og tíðarandinn hljóðaði í þá veru að mikil vinna væri af hinu góða. Líf sjómanna hélt áfram að vera erfitt, hvíldin var oft lítil, en lögin mótuðu engu að síður starfshætti til sjávar, og viðhorf samfélagsins mótuðust í átt til meiri skilnings til nauðsynjar hvíldar. Lögin höfðu þannig raunveruleg áhrif.<sup>29</sup>

Lög um vinnustundir eru sjálfsgöð og eðlilegur hluti mannlegs samfélags, enda móta þau og mynda venjur sem við öll förum eftir í okkar daglega lífi.

### *Horft til framtíðar*

Vitanlega á Íslenskt samfélag að horfa til þess að fækkka vinnustundum, og taka þannig enn frekari skref í átt til framtíðarinnar. Heppileg leið til að draga úr vinnu á Íslandi er að Alþingi samþykki fyrirbyggjandi frumvarp um styttingu vinnuvikunnar.

Alda skorar á Alþingi að samþykkja frumvarpið hið fyrsta, enda mun það auka lífsgæði landsmanna svo um munar.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,

Guðmundur D. Haraldsson,  
stjórnarmaður

---

28 Total Economy Database (nóvember, 2016).

29 Sjá nánar um sögu Vökulaganna í Halldór Grönvold (2001).

## Heimildaskrá

- Ásmundur Einar Daðason (15. febrúar, 2018). Ávinningur af styttingu vinnuvikunnar, *Vísir*. Sótt þann 18. mars 2018 af <http://www.visir.is/g/2018180219304/avinningur-af-styttingu-vinnuvikunnar>
- Auðlindanefnd (n.d.). *Álitsgerð*. Sótt 19. mars 2018 af [https://www.stjornarradid.is/media/forsætisraduneyti-media/media/Skyrslur/Skyrsla\\_Audlindanefndar\\_final.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/forsætisraduneyti-media/media/Skyrslur/Skyrsla_Audlindanefndar_final.pdf)
- Bandalag háskólamanna (1. nóvember 2017). *Stefna BHM: Samþykkt á aukaaðalfundi BHM 1. nóvember 2017*. Sótt þann 18. mars 2018 af <https://www.bhm.is/um-bhm/stefna/>
- Bjarni G. Einarsson, Kristófer Gunnlaugsson, Þorvaldur Tjörvi Ólafsson og Þórarinn G. Pétursson (2015a). *The long history of financial boom-bust cycles in Iceland. Part I: Financial crises*. Reykjavík: Seðlabanki Íslands.
- Bjarni G. Einarsson, Kristófer Gunnlaugsson, Þorvaldur Tjörvi Ólafsson og Þórarinn G. Pétursson (2015b). *The long history of financial boom-bust cycles in Iceland. Part II: Financial cycles*. Reykjavík: Seðlabanki Íslands.
- BSRB (n.d.). *Stytting vinnuvikunnar*. Sótt 18. mars 2018 af <https://www.bsr.is/is/stytting-vinnuvikunnar>
- Hagstofa Íslands (1. febrúar 2018). Vinnumarkaður á 4. ársfjórðungi 2017. *Hagtíðindi*, 103(1). Sótt 17. mars 2018 af [https://hagstofa.is/media/50932/hag\\_180102.pdf](https://hagstofa.is/media/50932/hag_180102.pdf)
- Hagstofa Íslands (2015). *Hagskinna*. Ritstjóri: Svava Guðjónsdóttir. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Halldór Grönvold (2001). Hvíldar er þörf. *Ný saga*, 13(1), bls 41-58.
- Kolbeinn H. Stefánsson (2008). *Samspil vinnu og heimilis: Álag og árekstrar*. Rannsóknarstöð þjóðmála: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Menntamálastofnun (6. desember 2016). Niðurstöður PISA 2015. Sótt 18. mars 2018 af <https://www.mms.is/frettir/nidurstodur-pisa-2015>
- Méda, D. (2013). The French experience. Í Ann Coote og Jane Franklin, *Time on our side: Why we all need a shorter working week*, bls 143-152. London: New Economics Foundation.
- Morgunblaðið (28. febrúar 2018). *Leikskólabörnin of lengi „í vinnunni“*.
- OECD (2017a), *Labour force participation rate*. doi: 10.1787/8a801325-en. Sótt 26. desember 2017 af <https://data.oecd.org/chart/573Y>
- OECD (2017b), *Average annual hours actually worked per worker*. Sótt 26. desember 2017 af <https://stats.oecd.org/Index.aspx?DataSetCode=ANHRS>
- OECD (5. febrúar 2018). *Annual hours worked*. Sótt 19. mars 2018 af <http://www.oecd.org/employment/emp/ANNUAL-HOURS-WORKED.pdf>
- Pencavel, J. (2014). The Productivity of working hours. Discussion paper No. 8129. Institute for the study of labour.
- Reykjavíkurborg (2015). *Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.
- RÚV (31. ágúst, 2017). *Stytting vinnuviku og launahækkun baráttumál*. Sótt 18. mars 2018 af <http://www.ruv.is/frett/stytting-vinnuviku-og-launahaekkun-barattumal>
- RÚV (8. febrúar 2018). *Stytting vinnuviku eitt helsta baráttumálið*. Sótt 18. mars 2018 af <http://www.ruv.is/frett/stytting-vinnuviku-eitt-helsta-barattumalid>
- Samuelson, P. og Nordhaus, W. P. 1985. *Economics* (12. útg.). New York: McGraw-Hill Book Company.
- Samtök atvinnulífsins (19. febrúar 2016). *Efni: Umsögn um frum varp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum , þingskjal 284, 259. mál*. Sótt 16. mars 2018 af <http://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-898.pdf>
- Seðlabanki Íslands (1971). *Ársskýrsla 1970*. Reykjavík: Seðlabanki Íslands. Sótt 19. mars 2018 af <https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Arsskyrsla/1970%20%C3%81rssk%C3%BDrsla.pdf>

Total Economy Database (nóvember, 2016). Sótt 26. desember 2017 af <https://www.conference-board.org/data/economydatabase/index.cfm?id=27762>

Viðskiptaráð Íslands (22. febrúar 2016). *Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku (259. mál)*. Sótt 16. mars 2018 af <http://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-920.pdf>